

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu genir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V/4,18	
Staður og stund: Laugardagur 11. júní 2005 kl. 11:05 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala: 270168-4509		
Starf/staða:	Vinnusími:		
Lögheimili: Laufásvegi 69, 101 Reykjavík	Sími: 530 5520/696 9999		
Dvalarstaður:	Sími:		

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Jón Ásgeir nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en hann gegndi starfi forstjóra Baugs hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgd.

Jóni Ásgeiri er kunnert réttarstaðan um að honum sé óskilyt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunnir að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann skilji þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn. Með Jóni Ásgeiri er mættur Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður og dómskipaður verjandi Jóns Ásgeir við opinbera rannsókn málsins.

Jóni Ásgeiri er kunnert að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslna hjá lögreglu nr. 395/1997 geti hann ráðfært sig við málsvara sinn áður en hann svarar spurningu við yfirheyrsluna, sem beint er til hans, svo fremi sem yfirheyrandi telji það eigi trufla yfirheyrsluna.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Jón Ásgeir og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Jóni Ásgeiri verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirleggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Ætlaður fjárdráttur

Jóni Ásgeiri er kunnert að hann sé grunaður um að hafa, ásamt Tryggva Jónssyni, 8. október 1998 látið millifæra af bankareikningi nr. 1151-26-000156, í eigu Baugs-Aðfanga ehf., dótturfélags hlutafélagsins Baugs, kr. 200.000.000 inn á bankareikning í eigu SPRON, númer 1151-26-000999, þar sem þeir fengu útgefna bankaávisun sömu fjárhæðar, stílaða á Helgu Gísladóttur. Jóni Ásgeiri er kunnert að hann sé grunaður um að hafa ásamt Tryggva afhent Eiríki Sigurðssyni, eiginmanni Helgu, sem eiganda alls hlutafjár í Vöruveltunni hf. umrædda bankaávisun til greiðslu samkvæmt kaupsamningi dagsettum 7. október 1998, þar sem Helga Gísladóttir seldi Jóni Ásgeiri fyrir hönd ótilgreindra kaupenda allt hlutafé í

207184

Vöruveltunni hf., en bankaávisunin var innleyst 9. október 1998 og andvirði hennar lagt inn á bankareikning Helgu nr. 0327-26-001708. Með þessu er Jón Ásgeir grunaður um að hafa, ásamt Tryggva, dregið sér umrædda fjármuni úr sjóðum Baugs-Aðfanga ehf., en ætluð refsiverð háttsemi er talin kunna varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Jón Ásgeir segir að hann neiti þessum sakargiftum og telji þær algjörlega fráleiddar. Jón Ásgeir segir í því sambandi að Gaumur ehf. hafi greitt með Vöruveltunni til Baugs hf. 300 milljónir króna.

Gögn frá hlutafélagaskrá**Baugur hf.**

Jóni Ásgeiri er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum úr hlutafélagaskrá um stofnun, stjórn og feril breytinga á skipan stjórnar og fleira í Baugi Group hf. (áður Baugur hf.) Samkvæmt umræddri samantekt er Jón Ásgeir sagður hafa gegnt starfi forstjóra Baugs hf. frá stofnun félagsins, dags. 7. júlí 1998, og til 3. júní 2002, en þá er hann sagður hafa tekið við sem formaður stjórnar félagsins. Samantektin nær fram að þeim tíma.

- Skjal málsins nr. II/16.1

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jón Ásgeir segir að þetta séu réttar upplýsingar. Jón Ásgeir segir að hann hafi enn fremur gegnt starfi framkvæmdastjóra Gaums ehf. á þessum tíma.

Baugur-Aðföng ehf.

Jóni Ásgeiri er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Baugi-Aðföngum ehf. Samantektin er byggð á upplýsingum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur Baugur sf. orðið að Baugi-Aðföngum ehf., dags. 30. júní 1998. Baugur-Aðföng ehf. hefur síðan sameinast Baugi hf., dags. 30. nóvember 1998, samkvæmt samrunaáætlun þar að lútandi. Samkvæmt téðri samantekt er Jón Ásgeir sagður hafa gegnt starfi stjórnarmanns hjá félaginu frá 28. júlí 1994 til 30. nóvember 1998.

- Skjal málsins nr. II/25.9.0

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jón Ásgeir segir að hann vilji taka fram að hann hafi ekki verið í stjórn Baugs hf. á þessum tíma, en að öðru leyti geti hann ekki gert athugasemdir við samantektina.

Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann vilji ekki skýra það nánar að hvaða leyti umræddar upplýsingar séu ónákvæmar.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir starfsemi Baugs-Aðfanga.

Jón Ásgeir segir að starfsemi Baugs-Aðfanga hafi ávallt verið sjálfstæð. Jón Ásgeir segir að starfsemi félagsins hafi að mestu lotið að innkaupum og innflutningi á vörum.

Vöruveltan hf. (síðar Tíu ellefu hf.)

Jóni Ásgeiri er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Vöruveltunni hf. (síðar Tíu ellefu hf.). Samantektin er byggð á gögnum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur nafni Vöruveltunnar hf. verið breytt í Tíu ellefu hf. 23. desember 1998. Tíu ellefu hf. hefur síðan runnið inn í Baug hf. samkvæmt samrunaáætlun 8. júní 2000. Samkvæmt samantektinni er Jón Ásgeir sagður hafa gegnt starfi stjórnarmanns í Vöruveltunni hf. frá 12. október 1991 og til 13. júlí 1993 og í Tíu ellefu hf. á tímabili frá 15. ágúst 1999 til 8. júní 2000.

- Skjal málsins nr. II/25.10.0

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki staðfest að þetta séu réttar upplýsingar þar sem hann þurfi að sjá gögn til þess að sannreyna það.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir starfsemi þessa félags.

Jón Ásgeir segir að þetta félag hafi annast verslunarrekstur og aðra skylda starfsemi. Jón Ásgeir segir að hann vilji í því sambandi skírskota til lýsingar um félagið í gögnum frá hlutafélagaskrá.

Klukkubúðir hf. (síðar Vöruveltan hf.)

Jóni Ásgeiri er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Klukkubúðum hf. (síðar Vöruveltan hf.). Samantektin er byggð á gögnum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur umrætt félag verið stofnað 4. desember 1998. Nafni félagsins hefur síðan verið breytt í Vöruveltuna hf. 23. desember 1998, en félagið hefur síðan runnið inn í Baug hf. 8. júní 2000 samkvæmt samrunaáætlun. Samkvæmt samantektinni er Jón Ásgeir sagður hafa setið í stjórn félagsins frá 15. ágúst 1999 og til 8. júní 2000.

- Skjal málsins nr. II/25.11.0

Jón Ásgeir er spurður hvort þessar upplýsingar séu réttar.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki staðfest að svo sé; hann þurfi að sjá gögn til þess.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir starfsemi þessa félags.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki gert grein fyrir starfsemi þessa félags að öðru leyti en í því sem í gögnum frá hlutafélagaskrá segir.

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-

	Kr.	1.150.000.000,-

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessu kaupsamningi.

Jón Ásgeir segir að hann vilji í þessu sambandi vísa til svars síns hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Jón Ásgeir er spurður fyrir hvern hann hafi þarna verið umboðsmaður, eins í kaupsamningum segir.

Jón Ásgeir segir að hann vilji svara þessari spurningu með því að vísa til svara sinna hjá skattrannsóknarstjóra varðandi málið og allra þeirra greinargerða sem gerðar hafi verið vegna þessa máls.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi innt af hendi þessar greiðslur eins og samningurinn kveði á um.

Jón Ásgeir segir að hann vilji svara þessari spurningu með að vísa í svar sitt hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins um málið og greinargerða um það.

Jón Ásgeir er spurður hvernig þessi kaup hafi verið fjármögnuð.

Jón Ásgeir segir að hann vilji svara þessari spurningu með að vísa í svar sitt hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins um málið og þeirra greinargerða sem skilað hafi verið.

Jón Ásgeir er spurður hvort þessi samningur hafi verið efndur.

Jón Ásgeir segir að hann vilji svara þessari spurningu með að vísa í svar sitt hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins um málið og þeirra greinargerða sem skilað hafi verið.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Eiríks Sigurðssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 28. maí 2005. Eiríkur var þá beðinn að gera grein fyrir þessum samningi; aðdraganda hans, hvort hann hefði verið efndur og þá hvernig:

- Óskjalmerkt

Eiríkur segir forsögu þessa máls vera þá að Ragnar Tómasson, lögmaður, hafi í nokkur skipti á þeim tíma sem þau hjónin hafi átt Vöruveltuna hf., komið að máli við hann og beðið þau hjónin um að selja félagið. Eiríkur segir að hans upplifun hafi ávallt verið sú að Ragnar Tómasson hafi

Þá verið umboðsmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og einskis annars. Eiríkur segir að hann hafi ávallt neitað að selja fyrirtækið, þar til um haustið 1998.

Eiríkur segir að haustið 1998 hafi hlutirnir gerst á mjög skömmum tíma, en þá sem aldrei fyrr hafi Ragnar Tómasson ámalgað þá hugmynd við hann að selja Vöruveltuna hf., en þá hafi legið fyrir að KEA hafi enn fremur viljað kaupa félagið. Eiríkur segir að sölufერიlið hafi átt sér stuttan aðdraganda og gengið fljótt yfir, líklega á tveimur dögum. Eiríkur segir að hann hafi þá gengið til samninga við Jón Ásgeir Jóhannesson um sölu á Vöruveltunni hf.

Eiríkur segir að þessi samningur hafi verið efndur af hálfu kaupanda, þ. e. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. . . .

Aðspurður segir Eiríkur að þessi samningur hafi verið gerður við Jón Ásgeir, en ekki Baug hf.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Eiríks.

Jón Ásgeir segir að hann neiti að tjá sig um þennan framburð Eiríks fyrr en hann fái að sjá skýrslu hans í heild sinni. Jón Ásgeir segir að Ríkislögreglustjórinn hafi klippt út úr framburðum vitna og samborninga og borið undir hann villandi texti og úr samhengi. Sökum þess vilji hann ekki tjá sig um þennan framburð. Jón Ásgeir segir að hann vilji í því sambandi vísa til yfirheyrslu frá laugardeginum 4. júní 2005.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá beðinn að gera grein fyrir þessum samningi:
- Óskjalmerkt

Grétar segir að hann kannist við þennan samning, en hann hafi verið grundvöllur að samningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar við Jón Ásgeir Jóhannesson um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Grétar segir að hann hafi tekið að sér fyrir hönd Eiríks að gerast milligöngumaður um gerð þessa samnings. Grétar segir að kaupandi hafi tekið á sig ábyrgð á síðari útfærslu sem kynni að koma upp þegar kaupin yrðu kynnt íslenskum samkeppnisýfirvöldum. Grétar segir að þessi samningur hafi verið efndur af hálfu kaupanda; 200 milljónirnar hafi verið greiddar í kjölfar undirritun samningsins, 800 milljónirnar hafi verið greiddar í Íslandsbanka að Kirkjusandi og víxillinn hafi síðan verið greiddur ásamt vöxtum. Grétar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi víxillinn verið afhentur um leið og 800 milljónirnar hafi verið greiddar í Íslandsbanka. Grétar segir að andvirði víxilsins hafi síðan verið greitt í hlutabréfum.

Grétar segir enn fremur að samkvæmt því sem hann best muni hafi hann eftir að kaupsamningur var gerður látið prenta hlutabréf Vöruveltunnar hf., að nafnverði 4,6 milljónir króna og Helga afhent bankanum þegar síðari greiðslur fóru fram.

Aðspurður segir að Grétar að þessi samningur hafi verið við Jón Ásgeir Jóhannesson sem umboðsmann, en Jón Ásgeir hafi aldrei gefið upp fyrir hvern hann væri umboðsmaður. Grétar segir að hann hafi að mestu átt samskipti við Ragnar Tómasson, lögmann, við gerð þessa samnings, en hann hafi komið fram fyrir hönd Jóns Ásgeirs. Grétar segir að öll samskipti sem átt hafi sér stað eftir gerð þessa samnings vegna Vöruveltunnar hf. hafi verið að frumkvæði Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar. Grétar segir hins vegar að Tryggvi hafi ekki komið að gerð þessa samnings.

Jón Ásgeir segir að hann neiti að tjá sig um þennan framburð Grétars af fyrrgreindum ástæðum.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Herthu M. Þorsteinsdóttur hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 3. júní 2005. Hertha var þá beðin að gera grein fyrir þeim störfum er hún

gegndi fyrir Vöruveltuna hf. og hvernig það hefði borið að að hún hefði tekið að sér starf framkvæmdastjóra fyrir Klukkubúðir (síðar Vöruveltuna hf.), hver hefði ráðið hana og hvort gerður hefði verið ráðningarsamningur:

- Óskjalmerkt

. . . Hertha segir að Eiríkur hafi annaðhvort í lok október eða byrjun nóvember 1998 komið að máli við hana og kunnert henni hann væri að fara selja eða búinn að selja fyrirtæki sitt, Vöruveltuna hf., til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Hertha segir að henni hafi í raun ekki komið þetta á óvart þar sem henni hafi verið kunnugt um að margir aðilar hafi borið viðurnar í fyrirtækið. Hertha segir að við þetta tilefni hafi Eiríkur spurt hana að því hvort hún hefði áhuga á því að taka að sér starf framkvæmdastjóra hjá nýjum eiganda félagsins, Jóni Ásgeiri, en þá hafi legið fyrir að Jón Ásgeir hafi haft áhuga á því. Hertha segir að hún hafi strax í upphafi ákveðið að láta til leiðast og ákveðið að taka að sér starf framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Hertha segir að í framhaldi af því hafi hún hitt Jón Ásgeir í fyrsta skipti.

Hertha segir að nokkru síðar hafi hún síðan hitt Jón Ásgeir í annað sinn, þá á fundi í húsnæði að Rauðarárstíg í Reykjavík, en Jón Ásgeir hafi boðað til þess fundar. Hertha segir að Jón Ásgeir hafi haft þetta húsnæði til umráða, en um hafi verið að ræða litla íbúð í fjölbýlishúsi. Hertha segir að á fundinum hafi verið hún, Jón Ásgeir, Eiríkur Sigurðsson, Ragnar Tómasson, lögmaður og Grétar Haraldsson, lögmaður. Hertha segir að á þeim fundi hafi verið gerður við hana ráðningarsamningur, sem hún telji að Jón Ásgeir hafi ritað undir.

Hertha segir að hún hafi starfað hjá Vöruveltunni hf. þar til henni hafi verið sagt upp störfum í ágúst 1999. . . .

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Herthu.

Jón Ásgeir segir að hann vilji taka fram að Eiríkur Sigurðsson hafi gert umræddan ráðningarsamning við Herthu. Enn fremur segir Jón Ásgeir að hann vilji taka fram að Grétar Haraldsson og Ragnar Tómasson hafi aldrei komið inn í þessa „litlu“ íbúð að Rauðarárstíg.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Herthu M. Þorsteinsdóttur hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 3. júní 2005. Hertha var beðin að gera grein fyrir afhendingu Vöruveltunnar hf., m. t. t. hvenær hún hefði átt sér stað:

- Óskjalmerkt

Hertha segir að hún hafi ekki orðið vitni að því. Hins vegar hafi Eiríkur nánast á sömu stundu og hann hafi tilkynnt um sölu félagsins hætt öllum afskiptum af daglegum rekstri þess. Hertha segir að líklega hafi það verið í byrjum nóvember 1998. Hertha segir að í framhaldi af því hafi þessi ákvörðun verið kynnt starfsfólki félagsins, en mörgum hafi þótt þetta miður. Hertha segir að hana reki ekki minni til þess að Eiríkur hafi nokkurn tímann komið í fyrirtækið eftir að hann seldi það.

Aðspurð segir Hertha að sú breyting hafi orðið á þegar Jón Ásgeir hafi keypt félagið hafi hún hitt hann mánaðarlega þar sem farið hafi verið yfir mánaðarlega afkomu og framlegð fyrirtækisins. Hertha segir að í því sambandi hafi hún þurft að taka saman mánaðarlega upplýsingar varðandi það. Hertha segir að í upphafi hafi þeir fundir farið fram að Rauðarárstíg, en eftir að gert hafi verið opinbert að Baugur hf. hafi keypt Vöruveltuna hf. um vorið 1999 hafi það breyst og fundir farið fram í húsnæði Baugs hf.

Aðspurð segir Hertha að mál þetta hafi ekki verið gert heyrinkunnugt í fjölmiðlum fyrr en vorið eftir, þ. e. 1999. Hertha segir að samkvæmt því sem hún best hafi munað hafi Eiríkur sagt sér að salan á félaginu yrði ekki gerð opinber strax vegna aðkomu íslenskra samkeppnisyfirvalda.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Herthu.

Jón Ásgeir segir að hann vilji taka fram að hann hafi aldrei hitt Herthu án þess að Eiríkur hafi verið þar einnig. Jón Ásgeir segir að aldrei hafi hvílt einhver leynd yfir þessu máli fyrir íslenskum samkeppnisyfirvöldum. Að öðru leyti segir Jón Ásgeir að hann vilji vísa til svara sinna hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og greinargerða sinna þar vegna málsins.

Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna greiðslu á kr. 200.000.000, dags. 8. október 1998. Jóni Ásgeir er samhliða þessari afrituðu kvittun sýnt afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf.¹ nr. 1151-26-156, dags. 30. september 1998; ljósrít af tékka, útgefnum af SPRON, stíluðum á Helgu Gísladóttur og framseldur af sömu, dags. 8. október 1998; afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 200.000.000 á reikning Helgu Gísladóttur nr. 0327-26-001706, dags. 9. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Jón Ásgeir segir að hann vilji svara þessari spurningu með að vísa í svar sitt hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins um málið og þeirra greinargerða sem skilað hafi verið.

Jón Ásgeir er spurður hvernig þessi greiðsla hafi verið fjármögnuð.

Jón Ásgeir segir að umræddar 200 milljónir hafi verið greiddar af Baugi-Aðföngum, gagnert til að Baugur-Aðföng gæti tryggt áfram innkaupasamstarf við Vöruveltuna hf., en það samstarf hafi verið komið á þessum tíma. Jón Ásgeir segir að þetta hafi enn fremur verið trygging fyrir því að Vöruveltan hf. yrði ekki seld til KEA, en samkvæmt umfjöllun í fjölmiðlum frá þessum tíma hafi KEA verið sagt búið að kaupa Vöruveltuna hf. Jón Ásgeir segir að hann vilji sérstaklega áréttta að Aðföng hafi á þessum tíma byggt vöruhús og lykilatríði hafi verið að fá aukin viðskipti til að nýta þá fjárfestingu, þ. e. að fá 10-11 í viðskipti til að tryggja arðsemi Baugs-Aðfanga. Jón Ásgeir segir enn fremur að hann vilji áréttta að ef af þessum viðskiptum hafi ekki orðið hefði verðmæti Baugs hf. lækkað verulega. Jón Ásgeir segir að Baugur hf. hefði orðið fyrir milljarðatjóni ef KEA hefði keypt Vöruveltuna hf.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi tekið þessar ákvörðun upp á sitt eindæmi, þ. e. að greiða þessar 200 milljónir af bankareikningi Baugs-Aðfanga ehf.

Jón Ásgeir segir að hann hafi gert það, gagnert til að tryggja hagsmuni Baugs hf.

Jón Ásgeir er spurður hvernig gerð hafi verið grein fyrir þessari fjárhæð í bókhaldi Baugs-Aðfanga ehf.

Jón Ásgeir segir að hann muni það ekki.

Jón Ásgeir er spurður hvort og þá hvernig þessi fjárhæð hafi verið greidd til baka.

Jón Ásgeir segir að þessi fjárhæð hafi verið endurgreidd í tvennu lagi; í fyrsta lagi hafi rúmar 116 milljónir verið greiddar 4. desember 1998 og hins vegar hafi 100 milljónir verið greiddar 21. desember 1998, en þá hafi fjárhæðin verið greidd til baka að fullu ásamt vöxtum.

¹ Hér virðist hafa verið gerð nafnabreyting á umræddum reikningi, en hann bæði Baugur-Aðföng ehf. og Baugur sf. eru söguvera reikningseigendur.

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group/Aðfanga – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar; útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista viðskiptamanns frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000 og útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á hreyfingalista lánardrottna frá 1. jan. 1998 til 31. des. 2000. Samkvæmt umræddum gögnum hafa kr. 200.000.000 verið færð sem „lán“ til Baugs hf., dags. 8. október 1998. Samkvæmt upplýsingum úr bókhaldi Baugs hf. á þessum tíma verður ekki séð að umrædd fjárhæð hafi verið tekin að láni hjá Baugi-Aðföngum.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5 til II/50.2.7

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessu.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki gert grein fyrir því nákvæmlega hvernig þessi fjárhæð hafi verið færð sem lán til Baugs hf., en hins vegar sé óumdeilt að þessi fjárhæð hafi runnið til Helgu Gísladóttur og hún hafi verið framkvæmd til tryggja hagsmuni Baugs hf.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi haft heimild til þessarar ráðstöfunar; frá stjórn Baugs-Aðfanga ehf., stjórn Baugs hf. eða hluthöfum.

Jón Ásgeir segir að hann hafi sem forstjóri Baugs hf. og aðaleigandi félagsins haft heimild til þessarar ráðstöfunar. Jón Ásgeir segir að hann hafi haft heimild frá hluthöfum Baugs hf. fyrir þessari ráðstöfun.

Jón Ásgeir er beðinn að gera frekari grein fyrir þeirri heimild, þá frá hvaða hluthöfum.

Jón Ásgeir segir að hann hafi rætt þetta við Kaupþing hf. og Odd Reitan og þeir hafi orðið sammála um að hagsmunir Baugs hf. hafi verið tryggðir með þessum hætti.

Jón Ásgeir er spurður við hverja hjá Kaupþing hf. þetta hafi verið rætt.

Jón Ásgeir segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi það verið Sigurður Einarsson.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti framvísað einhverjum gögnum um þær viðræður.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki framvísað neinum gögnum um það, enda sé langt um liðið.

Fyrri endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagningar á kr. 116.356.027,86 inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., dags. 4. desember 1998; afrit af samriti reikningsyfirlita Íslandsbanka á reikningi nr. 0515-26-014044, dags. 4. desember 1998; afrit af tékka Íslandsbanka, stíluðum á Eirík Sigurðsson, að fjárhæð kr. 116.356.027,86, dags. 3. desember 1998; afrit af úttektarnótu Íslandsbanka, dags. 3. desember 1998; afrit af handrituðu blaði með ýmsum upplýsingum um fjárhæðir, þ. á m. kr. 200.000.000 og 116.356.027,86, ódagsett; afrit af yfirlýsingu Ragnars Tómassonar um að hafa í lok árs 1998 eða byrjun árs 1999 fengið greiðslu að fjárhæð ca 13 milljóna króna fyrir að hafa haf milligöngu um sölu á Vöruveltunni hf., dags. 2. júlí 2004 og afrit af tékka að fjárhæð kr. 12.671.246 og útgefnunum af Ingibjörgu Stefáns, dags. 30. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.3.1, II/50.3.2, II/50.3.3, II/50.3.4, II/50.3.5 og II/50.3.6

Grunur er um að kr. 100.000.000 af þessari fjárhæð, kr. 116.356.028, hafi verið endurgreiðsla á helmingi af þeim 200.000.000 kr. sem greiddar voru 8. október 1998. Umrædd fjárhæð var lögð inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. í tengslum við uppgjör Íslandsbanka hf. og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar á sölu 40 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. samkvæmt samningi þeirra frá 10. nóvember 1998 (þar af 35 % til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans (27,14 %), Lífeyrissjóðsins Lífiðnar (2,86 %) og Landsbréfa (5 %) og 5 % til Íslandsbanka hf.), sbr. skjöl málsins II/50.7 og II/50.7.1. Samkvæmt því sem fram kemur á viðskiptakvittun vegna þessarar innborgunar er skýring greiðslunnar sögð vera „GREIÐSLA YFIRDR.“

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta hafi verið vegna greiðslu til baka á helmingi fjárhæðarinnar.

Jón Ásgeir segir að af þessari fjárhæð hafi 100 milljónir komið til lækkunar höfuðstóls á viðskiptaláni hjá Baugi-Aðföngum ehf., 3.684.781,85 krónur hafi verið vaxtagreiðsla sem runnu til Baugs-Aðfanga og 12.671.246 krónur hafi runnið til Ragnars Tómassonar vegna þóknunar. Jón Ásgeir segir að misstök hafi átt sér stað við þessar færslur, því 12.671.246 hafi aldrei átt að fara inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., heldur aðeins 103.684.781 króna.

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista verður ekki séð þessi fjárhæð hafi verið færð í bókhald Baugs-Aðfanga ehf. sem endurgreiðsla á láni frá Baugi hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5

Jón Ásgeir er beðinn um skýringar á því.

Jón Ásgeir segir að hann hafi ekki komið að ákvörðun um hvernig færslan yrði bókuð.

Síðari endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af lánasamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar við Kaupþing hf. fjárfestingarbanka vegna lántökuheimildar að heildarfjárhæð kr. 100.000.000, dags. 21. desember 1998. Samhliða lánasamningnum er Jóni Ásgeiri sýnt afrit af bréfi Kaupþings Búnaðarbanka hf. til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna 100 millj. útgreiðslu af reikningi 1100-26-1505 inn á reikning 1151-26-156 hinn 21. desember 1998, dags. 1. júní 2004; afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156, dags. 28. desember 1998 og afrit af tilkynningu um millifærslu inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156 á kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf., dags. 21. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.4.1, II/50.4.2, II/50.4.3 og II/50.4.4

Grunur er um að þessi greiðsla frá 21. desember 1998, að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf. inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., hafi verið greiðsla til baka á síðari helmingi 200 milljón króna upphafsgreiðslunnar.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu.

Jón Ásgeir segir að hann vilji svara þessari spurningu með vísan til svara sinna hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og þeirra greinargerða sem þar voru lagðar fram. Jón Ásgeir segir að hann vilji taka sérstaklega fram að Helga Gísladóttir hafi greitt inn á þetta lán í maí 1999 og hafi þá 25 milljónir runnið til hans og 36,5 milljónir hafi runnið til Gaums ehf., sem tekið hafi yfir þessa lánveitingu.

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af hreyfingalista Baugs Group – viðskiptamannahreyfingar og fjárhagshreyfingar. Samkvæmt umræddum hreyfingalista er umrædd greiðsla auðkennd Baugi hf. þannig að sem um greiðslu frá Baugi hf. hafi verið að ræða.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.5

Jón Ásgeir er beðinn um skýringar á því.

Jón Ásgeir segir að það sé í samræmi við fyrri framburð sinn, þ. e. að þetta hafi verið til að tryggja hagsmuni Baugs hf. Jón Ásgeir segir að hann hafi engar sérstækar skýringar á því sem hvað textalína á hreyfingarlista segir.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Þorsteins M. Jónssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 1. júní 2005. Þorsteinn var þá beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu:

- Óskjalmerkt

Þorsteinn segir þessa lánveitingu megi rekja til þess að hann hafi sem fjárfestir haft áhuga á að fjárfesta í eignarhlut Vöruveltunnar hf., sem á þeim tíma hafi verið í eigu Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur. Þorsteinn segir að hann hafi ásamt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni tekið umrætt lán, en Jón Ásgeir hafi átt frumkvæðið að þeirri hugmynd. Þorsteinn segir að sá hlutur sem þarna hafi verið fyrirhugað að kaupa hafi átt að skiptast til helminga milli hans og Jóns Ásgeirs, en ekki hafi verið sérstaklega rætt hversu stór hluti það hafi átt vera enda hafi fyrirhugað kaupverð Vöruveltunnar hf. ekki legið fyrir.

Þorsteinn segir að fyrirhugað hafi verið að skrá Vöruveltuna hf. á markað og hafi af hans hálfu hangið á spýttunni að hagnast á þessum viðskiptum við þá skráningu. Þorsteinn segir að ekki hafi gengið eftir að þessi hlutur hafi verið keyptur, en ástæður þess muni hann ekki hverjar hafi verið. Aðspurður segir Þorsteinn að breyttar forsendur hafi valdið því að hafi hætt við að kaupa þennan hlut.


Þorsteinn segir að þegar hann hafi hætt við að kaupa þennan umrædda hlut hafi Jón Ásgeir yfirtekið skuldbindingar hans vegna þessarar lánveitingar.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Þorsteins.

Jón Ásgeir segir að þetta sé algjörlega rétt hjá Þorsteini.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann og Þorsteinn hafi gert eitthvert samkomulag um yfirtöku á skuldbindingum vegna þessarar lánveitingar.

Jón Ásgeir segir að hann hafi gert munnlegt samkomulag við Þorstein um að yfirtaka þessa skuldbindingu. Aðspurður segir Jón Ásgeir að samkvæmt því sem hann best muni hafi Hreiðari Má verið kunnugt um það, án þess þó að geta fullyrt um það.



Aðrar greiðslur skv. kaupsamningi frá 7. október 1998 og fjármögnun þeirra**Ætluð fjársvik og/eða umboðssvik**

Jóni Ásgeiri er kunnert að hann sé grunaður um að hafa sem forstjóri Baugs hf., ásamt Tryggva Jónssyni aðstoðarforstjóra Baugs hf., blekkst stjórn félagsins til að ganga til samninga og kaupa allt hlutafé í Vöruveltunni hf. á stjórnarfundum í Baugi hf., dags. 20. maí 1999. Jón Ásgeir er, ásamt Tryggva, grunaður um að hafa við samningsgerðina og endanleg kaup hlutafjár fyrir samtals um 1.474 milljónir króna, leynt stjórn félagsins því að Jón Ásgeir var frá 7. október 1998 sjálfur raunverulegur stjórnandi, eigandi og umboðsmaður annarra sem áttu eða réðu félaginu, frá því að Jón Ásgeir gerði bindandi samning um kaup á öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., dags. 7. október 1998, að nafnvirði 4.600.000 fyrir kr. 1.150.000.000, með viðbótargreiðslu að andvirði 100.000.000 samkvæmt viðbótarsamningi hans við seljendur, dags. 5. júní 1999. Jóni Ásgeiri er kunnert að hann sé, ásamt Tryggva, grunaður um að hafa fengið hjónin Eirík Sigurðsson og Helgu Gísladóttur til að koma fram líkt og þau væru raunverulegir eigendur Vöruveltunnar hf. frá 7. október 1998 til 21. maí 1999, þ. á m. gagnvart Íslandsbanka hf. sem kom að fjármögnun á kaupum Vöruveltunnar hf.

Ætluð bókhaldsbrot

Jóni Ásgeiri er enn fremur kunnert að grunur sé um að drýgð hafi verið brot er kunna að varða við ákvæði bókhaldslaga nr. 145/1994, þá aðallega er lýtur að einkahlutafélaginu Fjárfari, sem hafði aðkomu að fjármögnun í Vöruveltunni hf.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Jón Ásgeir segir að hann vilji svara þessari spurningu á þá leið að hann neiti sakargiftum og telji þær fráleiddar. Jón Ásgeir segir að stjórn Baugs hf. og eigendur hafi fengið það sem þeir keyptu, þ. e. 10-11 smásölukeðjuna. Jón Ásgeir segir að stjórn Baugs hf. hafi verið fullkunnugt um að hann hafi ekki einungis verið forstjóri Baugs hf. á þessum tíma, heldur einnig framkvæmdastjóri Gaums ehf. og verið í annars konar fjárfestingum.



Jón Ásgeir er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Jón Ásgeir segir að svo sé ekki.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrslunnar.

Gestur segir að hann óski eftir því að fá tafarlaust afhentar þær skýrslur sem Jóni Ásgeiri hafi verið kynntar í þessari yfirheyrslu. Gestur segir að hann krefjist þess að fá svar við þessari beiðni nú þegar.

Gesti er kunnert að þeirri ákvörðun sé hafnað af hálfu Ríkislögreglustjórans með skírskotun til 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, um að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.


Jón Ásgeir hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið laugardaginn 11. júní 2005 kl. 14.22

Yfirlesið staðfest rétt


Skýrslu gerir


Jón Ásgeir Jóhannesson


Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu, staðfest rétt

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu


Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður


Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi